

Lög

Nr. 72.
14. nóvbr.

um

breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands,
2. mars 1900.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfjed má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum, gegn öðrum veðrjetti, til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir eða grasbýli og þurrabúdir utan verslunarstaða í kaupstöðum og kaup-túnnum.

Ræktunarsjóðurinn greiðir árlega til landssjóðs 3 af hundraði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða og seldar hafa verið eftir 1. janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann. Af vöxtum sjóðsins má að öðru leyti verja allt að $\frac{2}{3}$ hlutum til að styrkja Búnaðarfelag Íslands til kaupa, tilrauna og útbreiðslu landbúnaðarverkfæra, og til verð-launa fyrir atorku, hagsýni og eftirbreytnisverðar nýungar í landbúnaði. Að öðru leyti skal leggja vextina við höfuðstólinn.

2. gr.

Reikningar Ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum Alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. mars 1900, um stofnun ræktunarsjóðs Íslands, skal úr lögum numin, svo og lög nr. 34, 20. okt. 1905, um breyting á og viðauka við lög um stofnun ræktunarsjóðs Íslands, 2. mars 1900. *

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 14. nóvember 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.